

83

22. okt.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937,
um bann gegn dragnotaveiði í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans er ráðherra heimilt að ákveða frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir.

Fyrir brot gegn fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þessari grein, skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu og gilda um brot gegn 1. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. október 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

84

13. sept.

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1945 skuli koma saman til fundar
mánudaginn 1. október 1945.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, samkvæmt lögum nr. 35. 12. febrúar 1945, að reglulegt Alþingi 1945 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur fram farið í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 13,30.

Gjört í Reykjavík, 13. september 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.